



Norðurþing

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

Umhverfis- og orkustofnun
Austurvegi 20
800 Selfoss

Efni: Niðurstöður skráninga 2025 fyrir urðunarstað Norðurþings á Húsavík

Í starfsleyfi fyrir Urðunarstað á Húsavík kemur fram í kafla 5. að rekstraraðili skuli hafa reglulegt eftirlit og gera skil árlega á eftirfarandi:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 4.1.
 2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
 3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því rými sem eftir er á staðnum.
 4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
 5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
-
6. Niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.2.
 7. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
 8. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
 9. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
 10. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
 11. Dagleg uppgufun.

Skráningar:

1. Í Laugardal var tekið við 51 tonni af óvirkum úrgangi til urðunar árið 2025. Úrgangur sem komið er með til urðunar eru þrír samkvæmt ÍSAT flokkum. Ítarlegum gögnum var skilað í gagnagátt UOA þann 10. febrúar 2026.
2. Engum úrgangi var hafnað til urðunar árið 2025.
3. Áætlað svæði sem þegar hefur verið nýtt m.v. deiliskipulag telst innan við 40%. Aðferð við urðun hefur verið sú að hylja það sem komið er með til urðunar samdægurs.
4. Ekki er mögulegt að reikna út sig þar sem fastir mælipunktar eru ekki til. Úr þessu verður bætt í sumar komandi (2026).
5. Engin mengunaróhöpp hafa orðið og því engar skráning til um óhöpp.



Norðurþing

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

6. Sjá meðfylgjandi viðhengi – Niðurstöður eftirlitsskýrslu Eflu verkfræðisstofu.

Liðir 7-11 eru fengnir frá eftirlitsaðila rekstraraðila, en Efla verkfræðistofa hefur aflað þeirra gagna.

Sjá meðfylgjandi þrjú viðhengi – Veðurgögn Húsavík 2025, Veðurgögn Kópasker 2025 og Uppgufun Norðurþing 2025.

Virðingarfyllt,

Húsavík, 28. apríl 2026

Elvar Árni Lund
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs